



MARK

Miðstöð margbreytileika - og kynjarannsókna

Skýrsla stjórnar 2014

Stjórn og ráðgjafarráð

Aðalfundur MARK var haldinn 27. ágúst 2013 kl. 14.00 í fundarherberginu á 3. hæð í Odda. Í samræmi við reglur MARK var tveggja ára kjörtímabili Þorgerðar Einarsdóttur og Sigurjóns B. Hafsteinssonar lokið. Sigurjón gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en ekki Þorgerður. Auk Sigurjóns var Brynhildur G. Flóvenz kosin í stjórn til þriggja ára. Stjórn MARK skipa: Steinunn Hrafnisdóttir, félagsráðgjafardeild, Kristín Loftsdóttir, félags- og mannvísindadeild, Ingólfur V. Gíslason, félags- og mannvísindadeild, Sigurjón B. Hafsteinsson, félags- og mannvísindadeild og Brynhildur G. Flóvenz, lagadeild.

Stjórnarfundir voru 10 á tímabilinu. Haustið 2013 : 20. sept., 27. sept., 23. okt. og 02. des. Á nýju ári 2014 : 17. jan., 31. jan., 12. mars, 21. mars, 07. maí og 22. september.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skipti stjórn með sér verkum. Brynhildur G. Flóvenz varð formaður og Ingólfur V. Gíslason varaformaður. Meginviðfangsefni stjórnar að frátöldum fyrirlestrum laut að auglýsingu og ráðningu nýs forstöðumanns. Í janúar tók stjórn ákvörðun um ráðningu Hallfríðar Þórarinsdóttur í hálf t. Hallfríður hóf störf um miðjan mars.

Fundur var haldinn með ráðgjafarráði MARK þann 26. maí 2014 í fundarherbergi Odda á 3. hæð. Í ráðgjafarráði sátu: Kristján Sturluson (KS) fulltrúi Rauða kross Íslands, Hugrún Hjaltadóttir (HH) fulltrúi Jafnréttisstofu, Margrét Steinarsdóttir (MS) fulltrúi Mannréttindaskrifstofu Íslands, Halldóra Gunnarsdóttir (HG) fulltrúi Reykjavíkurborgar og Ólafur Elínarson frá Capacent Gallup. Allir fulltrúar ráðgjafaráðs mættu að Ólafi undanskildum.

Á fundinum var m.a. rætt um að auka samstarf milli stofnana sem tengjast MARK með verkefni þar sem meistararnemar gætu komið að. MS, HH og KL ræddu samstarf þar að lútandi. Samstarf Reykjavíkurborgar og MARK á grundvelli samstarfsamnings borginnar við MARK var rætt.

Kristján Sturluson sagði stöðu sinni lausri í ráðgjafarráðinu þar sem hann starfar ekki lengur fyrir RKÍ. Í hans stað kemur Atli Viðar Thorstensen.

Fjármál

Tekjur ársins voru kr. 3.036.666 framlag skólans til MARK sem nemur kostnaði við starf forstöðumanns. Framlag vegna samstarfssamnings við Reykjavíkurborg, kr. 1.000.000.- mun koma til greiðslu á árinu 2014. Gjöld ársins voru 2.144.555, fyrst og fremst kostnaður vegna starfs forstöðumanns.

Starfsemi

HÞ hefur haldið utan um daglegan rekstur frá því í mars. Á árinu hefur MARK átt í samstarfi við fjölmarga aðila bæði innan og utan HÍ um málþing, fyrirlestra og verkefni.

Þann 30. maí 2014 undirritaðu Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, samstarfssamning Reykjavíkurborgar við MARK. Um er að ræða samning upp á kr. 1.000.000 sem gildir til eins árs. Fjármunum er ætlað að renna í rannsóknir og miðlun fræðilegrar þekkingar. Fulltrúi MARK í samstarfsnefnd samningsins er Þorgerður Einarsdóttir en auk hennar starfar Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður MARK, í samstarfsnefndinni.

Verkefnið *Er Reykjavík hetró eða hinsegin?* er fyrsta verkefni sem unnið er á grundvelli samningsins. Verkefnið er í umsjón Halldóru Gunnarsdóttur, sérfræðings í jafnréttismálum á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og Þorgerðar Einarsdóttur f. h. MARK. Auk þess hefur fræðafólk á vegum MARK í samstarfi við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar staðið að nýju meistarnámskeiði um flóttafólk og hælisleitendur.

Auk ofangreinds hefur MARK tekið þátt í eftirfarandi verkefnum:

Verkefnið GARCIA [Gendering the Academy and Research: Combating Career Instability and Asymmetries] 2014-2017, fjármagnað af FP7 og þátttökulöndin eru sjö: Belgía, Sviss, Slóvenía, Holland, Austurríki, Ísland og Ítalía sem sér um verkefnisstjórn (sjá nánar hér: garciaproject.eu). Dr. Þorgerður Einarsdóttir og Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir.

Kynjajafnrétti við stjórn atvinnulífsins: stefna, þróun og áhrif. Verkefni styrkt af RANNÍS 2014-2017. Dr. Þorgerður Einarsdóttir og Dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir.

Public Attitudes toward Gender and National Identity: ISSP (International Social Survey Programme) 2012 og 2013. Þetta eru kannanir framkvæmdar árlega meðal almennings í 49 ríkjum víðsvegar um heiminn. Verkefni styrkt af RANNÍS. Dr. Þorgerður Einarsdóttir og Dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir ásamt Sigrúnu Ólafsdóttur, Boston University og Félagsvísindastofnun.

Þá tekur MARK þátt í undirbúningi ráðstefnu í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna sem haldin verður í október 2015. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir er fulltrúi MARK í undirbúningsnefndinni.

MARK heldur úti póstlista mark@hi.is þar sem settar eru inn auglýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar og viðburði sem tengjast viðfangsefni hennar. Enn fremur er póstlistinn notaður til að auglýsa starfsemi samstarfsfólks bæði innan Félagsvísindasviðs og utan þess. Markspjall.is var í notkun sem spjallþráður. Þá er MARK með Facebook síðu sem er mikið notuð til að auglýsa viðburði og vekja athygli á áhugaverðu efni sem tengist starfsemi stofnunarinnar.

Viðburðir

24. september 2014. Embla Guðrúnar Ágústsdóttir: [„Hið eilífa krútt“ – um samtönnun kyns, kyngervis, kynhneigðar og fötlunar.](#) L-201. kl. 12-13.

17. september 2014. Oyman Basaran doktorsnemi í félagsfræði við University of Massachusetts: [Beyond Relativism and Universalism: The Case of Male Circumcision in Turkey.](#) / Handan afstæðishyggju og universalisma: Umskurður drengja í Tyrklandi L-201. kl. 12-13.

12. september 2014. [Opinn fundur um konur og fjölmiðla](#) í samstarfi við Bandalag kvenna í Reykjavík, [HÍ námsbraut í blaða- og fréttamennsku](#) og [Félag fjölmiðlakvenna.](#) O-101. kl. 15-17.

27. maí, 2014. Anastasia Christou: [„Reynsla annarrar kynslóðar af flutningi til baka“.](#) O-101, kl. 12-13.

3. apríl, 2014. Málþing um bók Bjargar Guðrúnar Gísladóttur [„Hljóðin í nóttinni“.](#) Í samvinnu við RBF Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd. L-101. kl. 12-13.

27. mars, 2014. Finnborg Salome Steinþórsdóttir: [„Þær segja svo margar að það megi bara nauðga“.](#) Birtingarmyndir og áhrif nauðgunarmenningar. Á-201, kl. 12-13.

20. mars, 2014. [„Hælisleitendur segja frá: Sofa, borða, sofa, borða...“](#) Í samvinnu við sarsfshóp stúdenta, námsbraut í Mannfræði og Rauða krossinn á Íslandi. Lögberg 101, kl. 12-13.

13. mars, 2014. Jarþrúður Þórhallsdóttir: [„Önnur skynjun – ólík veröld: Lífsreynsla fólks á einhverfurófi“.](#) Í samvinnu við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum. Á-201, kl. 12-13.

6. mars, 2014. Halldór Rósmundur Guðjónsson: [„Hvers vegna eru nauðgunarmál felld niður?“](#) Á-201, kl. 12-13.

27. febrúar, 2014. Árdís Kristín Ingvarsdóttir: [„Þetta er heima fyrir þabba“: Samræður erlendra karla um föðurhlutverkið við hið þjóðernislega rými.](#) Á-201, kl. 12-13.

20. febrúar, 2014. Rannveig Einarsdóttir: [„Ungt fólk og internetið: Ég vildi ekki fá mér svona aftur af því það var einher kall að like-a myndirnar mínar“](#). Á-201, kl. 12-13.

13. febrúar, 2014. Jónína Einarsdóttir og Helga Finnsdóttir: [„Staðgöngumæður: frjálsar og fórnfúsar konur“](#). Á-201, kl. 12-13.

6. febrúar 2014. Alma Ómarsdóttir: [„Ástandið“ í fjölmiðlum. Umfjöllun fjölmiðla um íslenskar konur og erlendan her.](#)“ Í samvinnu við *Miðstöð rannsóknarblaða-mennsku*. Á-201, kl. 12-13.

30. janúar 2014. Kristín Björnsdóttir: [„Að ráða sér sjálfur: Fólk með þroskahömlun, sjálfræði og einkalíf“](#). Á-201 kl. 12-13.

23. janúar 2014. Þorvaldur Kristinsson: [„Í leit að hinsegin rými: Nokkrir þættir úr lífssögurannsókn meðal íslenskra homma“](#). Á-201, kl. 12-13.

* * *

4. desember, 2013. Helga Kristín Hallgrímsdóttir: [„Knowledge is Power: Risk and the Moral Responsibilities of the Expectant Mother at the turn of the Twentieth Century“](#). Háskólatorg 101, kl. 12-13.

27. nóvember, 2013. Laufey Axelsdóttir [„Leikskólastarfið í femínísku ljósi“](#). Lögberg 201, kl. 12.30-13.30.

22. nóvember 2013. [Málþing: 100 ára afmæli kosningaréttar norskra kvenna](#). Í samvinnu við norska sendiráðið á Íslandi. Norræna húsið, kl. 15-18.

13. nóvember: Sigurbjörg Ásgeirsdóttir: [„Atvinnusköpun í dreifbýli út frá kynjasjónarmiði“](#). Lögberg 201, kl. 12.30-13.30.

11. nóvember 2013: [Magdalena Elchinova: „Landamærum ögrað: ESB, flóttafólk og orðræðan um landamæri Búlgaríu“](#). Aðalbygging HÍ stofa 220, kl. 12.00-13.00.

6. nóvember 2013. [Edda Sigurbjörg Ingólfssdóttir: „Það reddast. Umönnunargjain milli foreldraorlofs og leikskóla“](#). Lögberg 201, kl. 12.30-13.30. Í samstarfi við *Jafnréttisstofu, Jafnréttisráð og RBF*.

30. október 2013. [Íris Ellenberger: „Ímyndin um Ísland sem hinsegin paradís“](#). Lögberg 201, kl. 12.30-13.30.

25. október 2013. [Þjóðarspejill málstofa MARK: Konur og „kvenleiki“- samþykkt og ósamþykkt?](#) Askja 132 kl. 13-14.45.

16. október 2013. [Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir: „Hættu þessu kvennabrólti! Lögreglukonur í samfélagi lögreglumanna“](#). Lögberg 201, kl. 12.30-13.30. *Jafnréttisdagar HÍ*.

9. október 2013. [Thamar Melanie Heistra: „There is Still a Gap: Gendered life in Icelandic Academia“](#). Lögberg 201, kl. 12.30-13.30. *Jafnréttisdagar HÍ*.

